

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Eins og ég skil tillögurnar þá verða veggjöld ekki lögð á um 70% landsmanna, þ.e.a.s. íbúa Höfuðborgarsvæðisins, nema að því örlitla leyti þegar þeir eiga erindi út á land. Hin u.þ.b. 30% landsmanna úti á landi sem sækja verslun, þjónustu, menntun, heilbrigðisþjónustu, stjórnsýslu o.fl. til Höfuðborgarsvæðisins munu þurfa að greiða langstærstan hluta þessa nýja skatts. Það munu þau gera líka í formi hækkaðs verðs á flutningum og almenningsamgöngum um vegi.

Ég lít því á þessa tillögu sem óréttlátan landsbyggðarskatt. Miklu nær væri t.d. að leggja kílómetragjald á ökutæki allra landsmanna, sem væri hægt að fylgjast með í ökutækjaskoðun.

Undirritað:
Kjartan S. Þorsteinsson